

Sp.

21. Fyrirspurn

[21. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtulaun vegna ríkissjóðstekna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hverjar voru á árinu 1982 svo og fyrstu 6 mánuði þessa árs tekjur sýslumanna, yfirsakadómara, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta og tollstjórans í Reykjavík vegna innheimtu þeirra á ríkissjóðstekjum, sbr. lög nr. 84/1976, um laun starfsmanna ríkisins, og reglugerð nr. 320/1976, um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu?

Hverjar eru aðrar fastar launatekjur og önnur kjör ofangreindra aðila?

Sundurliðun óskast hjá hverjum aðila fyrir sig svo og af hvaða ríkissjóðstekjum innheimtulaunin eru.

Skriflegt svar óskast.